

# Persónuverndaryfirlýsing Skeiða- og Gnúpverjahrepps

## 1. Almenn

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, Árnesi, 801 Selfossi, er annað um friðhelgi einstaklinga og tekur persónuvernd mjög alvarlega. Sveitarfélagið leggur mikla áherslu á að meðferð persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf. Í þessari persónuverndaryfirlýsingu má sjá hvaða persónuupplýsingum Skeiða- og Gnúpverjahreppur safnar um einstaklinga og í hvaða tilgangi. Þá má hér finna upplýsingar um aðra viðtakendur upplýsinganna og hvað þær eru geymdar lengi. Auk þess má hér finna upplýsingar um á hvaða grundvelli sveitarfélagið safnar persónuupplýsingum, hvaða réttinda einstaklingar njóta og fleiri mikilvægar upplýsingar sem tengjast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

## 2. Um hverja safnar sveitarfélagið persónuupplýsingum?

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fer fram fjölbreytt starfsemi og er sveitarfélaginu nauðsynlegt að safna og vinna með persónuupplýsingar um mismunandi hópa einstaklinga. Þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið hefur undir höndum geta verið um íbúa þess, starfsmenn, viðsemjendur og aðra þriðju aðila sem nauðsynlegt er að eiga samskipti við. Í ákveðnum tilvikum er nauðsynlegt að safna persónuupplýsingum um börn en sérstakrar varúðar er gætt við meðferð þeirra upplýsinga.

## 3. Hvaða persónuupplýsingum safnar sveitarfélagið?

Skeiða- og Gnúpverjahreppur safnar ólíkum persónuupplýsingum um mismunandi hópa einstaklinga eftir því hvaða starfssvið sveitarfélagsins er um að ræða. Undir öllum kringumstæðum leitast Skeiða- og Gnúpverjahreppur við að safna einungis þeim persónuupplýsingum sem nauðsynlegar eru með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar.

Í ákveðnum tilvikum þarf sveitarfélagið að safna viðkvæmum persónuupplýsingum, svo sem um heilsufar, trúarbrögð, aðild að stéttarfélagi og þjóðernislegan uppruna. Sérstök aðgát er höfð við meðferð skal slíkra upplýsinga. **Hér vöknudur spurningar um í hverskonar tilvikum gæti þurft að safna upplýsingum af þessu tagi.**

**SVAR:** Sem dæmi þá safnið þið heilsufarsupplýsingum um starfsfólk ykkar þegar veikindaskráningar eiga sér stað. Þið safnið einnig læknisvottorðum sem hafa jafnframt að geyma heilsufarsupplýsingar.

Ég skal taka út trúarbrögð þar sem þið safnið þeim upplýsingum ekki beint heldur er möguleiki á að hægt sé að leiða það af þjóðerni en eflaust óþarft að hafa það með í upptalningunni. Þið safnið upplýsingum um þjóðerni þegar þið takið á móti umsóknum um kennitölu. Þá safnið þið upplýsingum um stéttarfélag þegar þið gerið ráðningarsamninga við starfsfólk ykkar. Sem dæmi um viðkvæmar persónuupplýsingar sem eru ekki í upptalningunni, enda er ekki að finna tæmandi talningu þarna, er trúnaðarmálabók þar sem skráð eru erindi sem eru viðkvæms eðlis og geta innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laganna.

#### **4. Tilgangurinn með söfnun persónuupplýsinga**

Undir flestum kringumstæðum safnar sveitarfélagið persónuupplýsingum í þeim tilgangi að uppfylla lagaskyldu sem á því hvílir. Í sumum tilfellum þarf Skeiða- og Gnúpverjahreppur einnig að vinna **persónuupplýsingar, til dæmis um starfsmenn og viðsemjendur**, til að hægt sé að efna samning við viðkomandi aðila. **Útskýra nánar**

**SVAR:** Þið safnið persónuupplýsingum um starfsmenn ykkar þegar þið gerið ráðningarsamninga við þá, haldið utan um veikindaskráningar, orlof o.s.frv. Þið eruð þá ávallt a.m.k. með nafn á starfsmanninum sem eru persónuupplýsingar. Þið safnið upplýsingum um viðsemjendur t.d. þegar þið móttakið reikninga, sendið reikninga og takið á móti greiðslu með kreditkortum. Þar er flokkurinn viðskiptavinir sem eru viðsemjendur og þar er eins og með starfsfólkið ávallt a.m.k. að finna upplýsingar um nafn sem eru persónuupplýsingar. Þegar þið safnið þessum upplýsingum er það ekki gert á grundvelli lagaskyldu sem hvílir á ykkur heldur eruð þið að efna samning við viðkomandi aðila.

#### **5. Lagagrundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinga**

Skeiða- og Gnúpverjahreppur safnar og vinnur persónuupplýsingar á eftirfarandi lagagrundvelli:

- Til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á sveitarfélaginu.
- Til að uppfylla samningsskyldu, til dæmis við starfsfólk og viðsemjendur.
- Samþykki einstaklinga, til dæmis vegna myndbirtinga í leik- og grunnskóla.
- Vegna beitingu opinbers valds sem sveitarfélagið fer með.
- Til að gæta að lögmætum hagsmunum sveitarfélagsins.

## **6. Hve lengi geymir sveitarfélagið persónuupplýsingar?**

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Vegna þess er sveitarfélaginu óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið þeirra laga nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið vinnur afhentar Þjóðskjalasafni að þrjátíu árum liðnum.

## **7. Frá hverjum safnar Skeiða- og Gnúpverjahreppur persónuupplýsingum?**

Skeiða- og Gnúpverjahreppur safnar yfirleitt persónuupplýsingum beint frá þeim aðila sem upplýsingarnar varða. Undir vissum kringumstæðum safnar sveitarfélagið upplýsingum frá þriðja aðila, til dæmis Þjóðskrá, heilbrigðisstofnunum eða öðrum þriðju aðilum. Þegar upplýsinga er aflað frá þriðja aðila reynir sveitarfélagið eftir fremsta megni að upplýsa viðkomandi einstakling um það.

## **8. Hvenær miðlar Skeiða- og Gnúpverjahreppur persónuupplýsingum til þriðju aðila og af hverju?**

Skeiða- og Gnúpverjahreppur miðlar persónuupplýsingum til þriðju aðila sem eru ráðnir af sveitarfélaginu til að vinna fyrir fram ákveðna vinnu, svo sem þjónustuveitendur og verktakar. Í þeim tilfellum gerir Skeiða- og Gnúpverjahreppur vinnslusamning við viðkomandi aðila. Slíkur samningur kveður meðal annars á um skylda hans til að fylgja fyrirmælum sveitarfélagsins um meðferð persónuupplýsinga og er honum óheimilt að nota þær í öðrum tilgangi. Jafnframt ber honum skylda til að tryggja öryggi upplýsinganna með viðeigandi hætti. Í öðrum tilvikum getur einnig verið nauðsynlegt fyrir sveitarfélagið að miðla persónuupplýsingum til þriðju aðila, til dæmis þegar skylda stendur til þess samkvæmt lögum.

## **9. Flutningur persónuupplýsinga út fyrir Evrópska efnahagssvæðið**

Skeiða- og Gnúpverjahreppi er kunnugt um að ströng skilyrði gilda um flutning persónuupplýsinga til ríkja sem staðsett eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Sveitarfélagið gerir það ekki undir neinum kringumstæðum nema fullnægjandi heimild standi til þess samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

## **10. Öryggi upplýsinganna**

Skeiða- og Gnúpverjahreppur leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra öryggisráðstafana til að tryggja öryggi persónuupplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd

og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Felur það meðal annars í sér að aðeins þeir starfsmenn hafa aðgang að persónuupplýsingum sem þess þurfa starfs síns vegna.

Auk þess stuðlar sveitarfélagið að aukinni vitundarvakningu hjá starfsmönnum með reglulegri þjálfun og fræðslu um hvernig gæta skal að öryggi persónuupplýsinga.

### **11. Réttindi einstaklinga**

Hafi einstaklingar veitt samþykki fyrir vinnslu tiltekinna persónuupplýsinga eiga þeir rétt samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 að afturkalla samþykki sitt hvenær sem er. Sá réttur hefur þó ekki áhrif á lögmæti þeirrar vinnslu sem fram fór áður en samþykki var afturkallað. Þá njóta þeir einnig annarra réttinda, svo sem réttar til að vera upplýstir um vinnslu, réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar um þá og réttar til að flytja eigin upplýsingar. **Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum. Spurning hver skilyrðin kunna að geta verið.**

**SVAR:** Það verður að skoða hverja og eina vinnslu fyrir sig og á hvaða heimild í lögnum er byggt á til að geta metið hvaða réttindi einstaklingar njóta og hvort einhverjar takmarkanir séu fyrir hendi. Það er því erfitt að ætla að telja þetta upp tæmandi. En sem dæmi ef að ein vinnsla felur í sér að einstaklingur á rétt á að vinnsla sé takmörkuð þá á það aðeins við ef vinnslan er umfram lagaheimildir.

### **12. Samskiptaupplýsingar Skeiða- og Gnúpverjahrepps**

Nafn: Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Heimilisfang: Árnesi, 801 Selfossi.

Netfang: [skeidgnud@skeidgnup.is](mailto:skeidgnud@skeidgnup.is)

### **13. Persónuverndarfulltrúi**

Hafi einstaklingar frekari spurningar um persónuverndaryfirlýsingu þessa geta þeir ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúann okkar. Þetta eru samskiptaupplýsingarnar hjá honum:

Nafn: Dattaca Labs ehf.

Heimilisfang: Grandagarður 16, 101 Reykjavík.

Netfang: [dpo@dattacalabs.com](mailto:dpo@dattacalabs.com)

#### **14. Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd**

Dragi einstaklingar í efa að sveitarfélagið meðhöndli persónuupplýsingar þeirra í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 hafa þeir rétt til að senda erindi til Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

#### **15. Endurskoðun á þessari persónuverndaryfirlýsingu**

Persónuverndaryfirlýsing þessi var samþykkt xx.xx.2018 og er endurskoðuð næst xx.xx.2019.